

## Fundargerð 380

Föstudaginn 25. febrúar 2011 kl. 11:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á Grand Hótel í Reykjavík. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Anna Kristín Gunnarsdóttir formaður, Bjarni Jónsson, Arndís Soffía Sigurðardóttir, Ásmundur Sverrir Pálsson, Drífa Hjartardóttir, Herdís Á. Sæmundardóttir og Sturla Böðvarsson. Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Hjalti Árnason, Magnús Helgason og Anna Lea Gestsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Ársreikningur 2010, Árni Snæbjörnsson endurskoðandi og Hrefna Gunnarsdóttir innri endurskoðandi koma á fundinn.
3. Greinargerð til Fjármálaeftirlitsins
4. Fundargerðir lánanefndar
5. Önnur mál.

Formaður setti fund kl. 13:12 og gekk til dagskrár.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar fundargerð síðasta fundar nr. 379 (f.skjal 1) upp til samþykktar. Verður þetta fyrsta fundargerðin sem birt er á heimasíðu stofnunarinnar.

Fundargerð var samþykkt samhljóða og undirrituð.

### 2. Ársreikningur 2010, Árni Snæbjörnsson endurskoðandi og Hrefna Gunnarsdóttir innri endurskoðandi koma á fundinn.

AÐ fór yfir rekstur ársins, skýrði tap og áhættur sem liggja í rekstri. Tap á árinu nam 2.628 mkr. Eignir námu 16.994 mkr, skuldir námu 17.492 mkr. og eigið fé var neikvætt um 498 mkr. Eiginfjárlutfall stofnunarinnar er því neikvætt um 2.4%. Lánasafnið lækkaði úr 17.413 mkr í 13.196 mkr.

ÁS fór yfir ársreikninginn (f.skjal 2) og helstu tölur hans. Stofnunin stóðst ekki eiginfjárkröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja en stofnunin þurfti að leggja verulegar fjárhæðir til hliðar sem framlag í afskriftarreikning útlána. Ekki er talin óvissa um rekstrarhæfi stofnunarinnar þar sem hún er í eigu og á ábyrgð ríkissjóðs. ÁS gerði einnig grein fyrir endurskoðunarskýrslu og fór yfir helstu þætti hennar. Heildargjaldeyrisjöfnuður er neikvæður um 3.561 mkr í árslok 2010. Nauðsyn er að stofnunin grípi til allra mögulegra aðgerða til þess að draga úr þessum ójöfnuði.

HG fór yfir skýrslu innri endurskoðanda og þeim frávikum sem komu í ljós. HG fór yfir skýrslu innri endurskoðanda (f.skjal 5). Niðurstaða innra eftirlits er mjög góð, og þau örfáu frávík sem í ljós komu við úttektir eru minniháttar.

AÐ fór yfir ábendingu endurskoðanda og áritun stjórnar endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar, sem fram kom í fundargerð endurskoðunarnefndarinnar en fundur var haldinn þann 21. febrúar 2011. Þar segir meðal annars (f.skjal 6):

„Í lögum nr. 161/2002 um fjármálaþyrtingu, segir m.a. „Eiginfjárgrunnur fjármálaþyrtingar, eins og hann er skilgreindur í 4. Mgr., skal á hverjum tíma nema að lágmarki 8% af áhættugrunni.“ Vegna þessarar greinar og þeirrar staðreyndar að eiginfjárlutfall stofnunarinnar var í árslok neikvætt um 2,4%, teljum við að skýlaus staðfesting stjórnvalda um nægjanlegt fjárhagslegt framlag til stofnunarinnar, þannig að lögbundið eiginfjárlutfall væri í raun til staðar, hefði þurft að liggja fyrir við staðfestingu stjórnar á ársreikningi stofnunarinnar fyrir árið 2010.“

Stjórnin tók undir sjónarmið endurskoðunarnefndarinnar. Þá leggur stjórnin mikla áherslu á að funda hið fyrsta með iðnaðarráðherra og innanríkisráðherra til þess að ræða stöðu og framtíðarfyrirkomulag stofnunarinnar. Formanni var falið að óska eftir slíkum fundi. Jafnframt verður fjármálaráðherra haldið upplýstum um fjárhagsstöðu og fjárförf stofnunarinnar eins og þurfa þykir.

Forstjóra var falið að skila þökkum frá stjórnarmönnum til starfsmanna fyrir góða starfshætti.

Formaður bar upp ársreikning Byggðastofnunar fyrir árið 2010 og var hann samþykktur samhljóða.

Eftirfarandi bókun var lögð fram af ASS og BJ:

*Ítarlega hefur verið farið yfir útlánasafn, hlutafjareign og fullnustueignir og verðmæti þeirra metin með reglulegum hætti. Þó er vakinn athygli á því að matið hefur verið í höndum Ríkisendurskoðunar sem einnig ber ábyrgð á endurskoðun reikninga stofnunarinnar. Þá er Byggðastofnun með veð í nokkrum skipum með veiðiheimildir en áhöld eru uppi nú, eins og á undanförunum árum, um verðmat á aflaheimildum og teljum við að slíkt geti haft áhrif á niðurstöðu ársreiknings.*

ÁS og HG viku af fundi.

### 3. Greinargerð til Fjármálaeftirlitsins

AP fór yfir greinargerð til Fjármálaeftirlitsins um aðgerðir vegna ónógs eigin fjár (f.skjal 3).

### 4. Fundargerðir lánanefndar

*Fundargerð lánanefndar nr. 2/11, 3. febrúar 2011 (f. skjal 4).*

AP kynnti fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

*Fundargerð lánanefndar nr. 3/11, 22. febrúar 2011 (f. skjal 4).*

AP kynnti fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

## 5. Önnur mál

Eyraroddi ehf., Flateyri. - AÐ og HÁ fóru yfir stöðu mála á Flateyri eftir gjaldþrot Eyrarodda nú í janúar. Þann 2. febrúar barst skiptastjóra tilboð í eignir þrotabúsins frá félaginu Lotnu ehf. þar sem meðal annars er óskað eftir yfirtöku á lánum Byggðastofnunar en stofnunin er stærsti veðhafinn. Rúmlega sólarhrings frestur var veittur til þess að svara tilboðinu. Daginn eftir var tilboðið áritað af forstöðumanni lögfræðisviðs um samþykki en með þeim fyrirvörum að samningar náist við tilboðsgjafa um útfærslu skuldbreytinga áhvílandi veðskulda og að staðfesting á annarri fjármögnun liggi fyrir. Næstu daga þar á eftir var farið yfir tilboðið og viðskiptasögu forsvarsmanna Lotnu ehf. Þann 15. febrúar var tölvupóstur sendur á Árna Guðmundsson kvótasala, umboðsmann Lotnu ehf. og afrit á skiptastjóra, þar sem fram kom að öll pappírsvinna hjá Byggðastofnun vegna málsins væri sett á bið og settur allur fyrirvari á að stofnunin geti samþykkt að Lotna ehf. yfirtaki umrædd lán Byggðastofnunar. Var sérstaklega tekið fram að það teldist ólíklegt. Þá var þrotabúinu tilkynnt að áritun Byggðastofnunar á tilboð Lotnu ehf. frá 2. febrúar 2011 væri afturkölluð. Veðhafafundur var haldinn í þrotabúinu þann 23. febrúar þar sem Byggðastofnun hafnaði því formlega að samþykkja yfirtöku Lotnu ehf. á lánum stofnunarinnar, einkum með hliðsjón af viðskiptasögu forsvarsmanna fyrirtækisins. Fram kom eindreginn stuðningur við þá ákvörðun í stjórn Byggðastofnunar. Skiptastjóri mun auglýsa eignir þrotabúsins til sölu. Nokkur umræða varð um störf skiptastjóra og málið að öðru leyti.

Bakkavík ehf, Bolungarvík (f.skjal 5) - tilboð hefur borist í stærstu hreinsivélina að fjárhæð USD 200.000 eða u.þ.b. 23 mkr. en það miðast við vélina tilbúna til afhendingar en forstöðumaður lögfræðisviðs telur það ekki að vera hægstætt. Kostnaður við að taka vélina út úr húsinu hleypur á milljónum. Ákveðið var að forstjóri og forstöðumaður lögfræðisviðs fundi með forsvarsmönnum Bolungarvíkurkaupstaðar og geri þeim grein fyrir stöðu mála. Tækjabúnaður verksmiðjunnar þolir illa að standa óhreyfður um lengri tíma, auk þess sem mikill kostnaður fylgir því að eiga húsnæði verksmiðjunnar og halda við tækjabúnaði hennar. Því eru miklir hagsmunir í húfi fyrir stofnunina.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14:00.

Anna Lea Gestsdóttir, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____